

# Ítalía Stresa

**08.-15.06. 2026**

## Mánudagurinn 08. júní

Ekið frá Hafnarfjarðarkirkju til Keflavíkur klukkan 05:30 og flogið með flugi Flugleiða FI-590 klukkan 09:00 til Milano og lent þar um klukkan 15:10. Þaðan er ekið að bænum Stresa við Maggiore vatnið, sem er næststærsta stöðuvatn Ítalíu og liggur bæði í Ítalíu og Sviss. Þar gistum við næstu sjö nætur á Hótel Regina Palace, sem er meira en 100 ára gamalt glæsihótel, sem hýst hefur kóngafólk og auðmenn og leikara og listamenn allt fram á okkar daga. Kvöldverður á hóteli.



## **Þriðjudagurinn 09. júní**


Dagsferð á Maggiore-vatni. Farið verður á siglingu á vatninu til Borromeo eyjanna og og tekið land á helztu eyjunum. Kvöldverður á hóteli.

## **Miðvikudagurinn 10. júní**

Frjáls dagur í Stresa. Tilvalinn til þess að eyða í göngu meðfram vatninu, sitja á kaffihúsi og kynnst heimamönnum. Einnig að nota aðstöðuna við hótelið okkar, en þar er bæði úti- og innisundlaug, sundlaugabar, gufuböð o.fl. Kvöldverður á hóteli.

## **Fimmtudagurinn 11. júní**

Sveitaferð. Ekið upp Ossoladalinn til Domodossola og farið í vín- og matarsmökkun héraðsins



## Föstudagurinn 12. júní

Frjáls dagur í Stresa. Kvöldverður á hóteli.



## Laugardagurinn 13. júní

Skoðunarferð til Milánó þar sem litið verður á helztu kennileiti s.s. óperuhúsið fræga la Scala og Dómkirkjuna.

Síðan verður gefinn góður frjáls tími til að skoða sig um í þessari næststærstu borg Ítalíu. Kvöldverður á hóteli.

## Sunnudagurinn 14. júní

Um morguninn er farið í skoðunarferð til Taranto garðanna, sem gerðir voru af Skotanum Neil McEarcharn fyrir bráðum 80 árum síðan og þykja einstaklega fagrir. Síðdeggið frjálst í Stresa. Kvöldverður á hóteli.

## Mánudagurinn 15. Júní

Brottför frá hóteli um hádegi og ekið til Malpensaflugvallar. Flogið heim með FI-591 klukkan 16:20 og lent í Keflavík klukkan 18:35. Ekið heim til Hafnarfjarðar.

## Verð á mann 290.900,-

Innifalið í verði er flug, flugvallaskattar, gisting í tveggjamanna herbergi, ½ fæði (morgunverður og kvöldverðir), allur akstur og skoðunarferðir samkvæmt lýsingu, sigling á Maggiorevatni og íslensk fararstjórn.

Aukagjald fyrir einsmanns herbergi er 110.000,-

Verð miðast við gengi og forsendur 07.10. 2025 og 35 greiðandi farþega.

Hvað aðra skilmála varðar vísast í “almenna skilmála” á heimasíðu okkar ferdir.is

Í öllum ferðum má gera ráð fyrir einhverjum göngum. Farþegar þurfa því að geta komizt leiðar sinnar hjálparlaust, eða útvega sjálfir þá aðstoð, sem þeir kunna að þurfa. Almennt eru gönguleiðir ekki langar, nema þær séu valkvæðar.